

26 Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveit-
26. apríl arfélög, þar sem fasteignin er.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér í landi vegna landsþjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni og skal hann vera lögfræðingur.

4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, að láta þau vera áfram þar sem þau eru gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

27

30. marz

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 24. marz 1944 um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1944 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís, og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.